

Lagt fyrir 429. fund velferðarráðs 25. maí 2022
VEL22050023
RÁ/kg

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um mat umsókna um félagslegt leiguhúsnæði eftir reglubreytingar

Á fundi velferðarráðs þann 19. janúar 2022 lagði fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn um félagslegar leiguíbúðir:

Reglum um félagslegt leiguhúsnæði var breytt 2. maí 2019. Er einhver sem var á lista eftir félagslegu leiguhúsnæði en féll út af biðlistanum vegna nýrra reglna eða í kjölfar reglubreytinganna? Þ.e.a.s. hefur endurmat á umsóknum í kjölfar reglubreytinga leitt til þess að umsókn eða umsóknir hafa verið afturkallaðar af Reykjavíkurborg þó svo að ekkert hafi breyst fjárhagslega eða félagslega hjá viðkomandi? Ef svo er, hvað er um marga einstaklinga og/eða fjölskyldur að ræða?

Viðkomandi þarf að fá ákveðinn fjölda stiga til að komast á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði. Aðstæður einstaklinga verða t.a.m. að vera metnar til 9 stiga eða meira. Dæmi eru um að einstaklingar sem hafi áður fengið 9 stig, hafi verið metnir til 8 stiga eftir reglubreytingu þó svo að aðstæður þeirra hafi ekki breyst. Með því átti viðkomandi þá ekki rétt til félagslegs leiguhúsnæðis

Svar:

Þann 31. desember 2019 var fjöldi umsækjenda á biðlista alls 697 en í lok árs 2018 voru þeir 901. Það er því fækkun um 204 umsækjendur frá 31. des. 2018 til 31. des. 2019.

Í tíð eldri reglna um félagslegt leiguhúsnæði voru allar umsóknir samþykktar á biðlista óháð stigagjöf ef þær að öðru leyti uppfylltu skilyrði reglna s.s. vegna tekna og eigna. Umsóknum var forgangsraðað eftir fjölda stiga og þær umsóknir sem voru metnar til fárra stiga komu ekki til álita við úthlutun þar sem þær voru ekki metnar í mikilli þörf. Með nýjum reglum er það gert að skilyrði að umsækjandi sé metinn til lágmarksstiga til að umsókn sé samþykkt á biðlista. Þessi lágmarksstig ákvarðast af fjölskyldustærð umsækjanda. Markmiðið með þessu ákvæði er að einstaklingar séu ekki á biðlista sem í raun eiga ekki von á úthlutun.

Eftir að nýjar reglur tóku gildi féllu 219 umsóknir af biðlista þar sem þær uppfylltu ekki lágmarks stigafjölda samkvæmt nýju reglunum. Þar af hefðu 124 umsóknir ekki komið til álita við úthlutun samkvæmt eldri reglum vegna fárra stiga. Því má segja að í raun hafi 95 umsóknir fallið af biðlista sem hefðu komið til álita samkvæmt eldri reglum.

Hins vegar komu 85 nýir umsækjendur inn á biðlistann sem uppfylltu lágmarks stigafjölda samkvæmt nýjum reglum. Þessir 85 umsækjendur hefðu ekki komist á biðlista skv. eldri reglum þar sem nú eru gefin stig fyrir þætti sem ekki voru gefin stig fyrir áður, til dæmis ef umsækjandi þiggur fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þannig voru 10 færri umsóknir á biðlistanum vegna breytinga á stigagjöf skv. nýjum reglum.